

Fundargerð

29. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 19. nóvember 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri og Íris Berg Bryde verkefnastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð síðasta fundar frestað.

2. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun vegna 2020. Gert grein fyrir að áætlun sé upp á 92 mkr. og gjöld þau sömu. Byggt á fyrirhuguðu keppnishaldi á alþjóðavettvangi. Stjórn gerði engar athugasemdir. Gjaldkera falið að kynna áætlun 2020 og ársreikning 2018 á formannafundinum sbr. lög FRÍ svo og 10 mánaða uppgjör.

3. Formannafundur haust 2020

Boðun hefur farið fram. Mikil ásókn í að koma, engum verður bannað að mæta enda fundurinn opinn. Dagskrá sbr. lög FRÍ þ.e. mótaskrá, fjárhagsáætlun, ársreikningur 2018 og starfsskýrsla stjórnar frá síðasta þingi sem formaður mun flytja. Einnig verður sagt frá hlaupapassa og hlaupaverkefninu. Fjallað um tækniúhverfi s.s. mótaskráningu og afrekaskrá. Afreksstjóri gerir grein fyrir keppnishaldi erlendis 2020 og að lokum verður sérstaklega farið í vinnustofu vegna U11-14 ára.

3. Uppskeruhátíð 2020

Verkefnastjórinn og varaformaður gerðu grein fyrir stemmingunni. Allt í farvegi og verður tilbúið nk. föstudag. Viðurkenningar samþykktar sbr. skýringar afreksstjóra sem unnið hefur að þeim í samráði við nefndir. Almennt mikil spenna og unnið er að myndbandi um sumarið 2019.

4. Afrekssjóður FRÍ – Seinni úthlutun

Afreksstjóri gerði grein fyrir tillögum sem sendar höfðu verið út milli funda. Umræður. Stjórn samþykkti úthlutun svo breytt.

4. Önnur mál

a. Rætt um tímatökubúnað og samning um tímatöku og þjónustu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að verkefnastjórinn söng Gestalistann og varaformaður spilaði undir á þverflautu.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.